

HS Veitur hf - Árshlutareikningur 30. júní 2025



Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir fyrri hluta ársins 2025 var samþykktur á fundi stjórnar í dag 23.sept 2025.

Helstu atriði

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2025 var 836 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2024 upp á 497 m.kr.

EBITDA hækkar um 12 %, var á fyrri helmingi ársins 2025 um 2.114 m.kr. (38,1%) á móti 1.881 m.kr. (35,5%) á sama tímabili árið 2024.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 30. júní 2025 er 48,6% en var 45,7% á sama tíma 2024.

Veltufjárlutfall var 1,45 þann 30. júní 2025 samanborið við 1,41 í lok sama tímabils 2024.

Hluthafar félagsins eru þrír:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	49,80%
Suðurnesjabær	0,10%

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2025 nam 836 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2024 upp á 497 m.kr. Þetta er aukning hagnaðar upp á 340 m.kr. sem skýrist aðallega með aukningu á sölu á heitu vatni, dreifingu rafmagns og lægri fjármagnsgjöldum

Tekjur hækkuðu um 4,7% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á fyrri hluta ársins 2025, 5.553 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 3.049 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.790 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 499 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 216 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2024 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 5.303 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.819 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.723 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 484 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 276 m.kr.

Kostnaðarverð sölu lækkaði um 1,3% á milli ára og nam 3.440 m.kr. fyrir fyrri hluta ársins 2025 (62% m.v. tekjur) á móti 3.485 m.kr. á sama tímabili 2024 (65,7% m.v. tekjur).

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 536 m.kr. fyrir hluta ársins 2025 en voru neikvæð upp á 698 m.kr. á sama tímabili 2024, eða alls lækun á milli ára um 162 m.kr. Fjármunatekjur hækka úr 90 m.kr. árið 2024 í 98 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2025, vaxtagjöld lækka úr 273 m.kr. í 264 m.kr. og verðbætur lækka úr 515 m.kr. í 371 m.kr.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 139 m.kr. fyrir fyrri hluta 2025 á móti 104 m.kr. fyrir sama tímabil 2024 en skattprósenta tekjuskatts 2025 er 20% en var 21% á sama tímabili 2024.

EBITDA á fyrri helmingi ársins 2025 er 2.114 m.kr. (38,1%) á móti EBITDA 1.881 m.kr. (35,5%) fyrir sama tímabil árið 2024.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2025 bókfærðar á 36.736 m.kr. og hækkuðu um 670 m.kr. frá ársbyrjun og um 1.257 m.kr. frá sama tíma árið 2024. Fjárfestingar í fastafjármunum á fyrri hluta 2024 námu alls um 876 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 561 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 110 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 69 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 136 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: Fjárfestingar í fastafjármunum 836 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 669 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 75 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 57 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 35 m.kr.

Eigið fé HS Veitna hf nam 17.860 m.kr. þann 30. júní 2025 (eiginfjárlutfall 48,6%) en eigið fé í ársbyrjun var 17.024 m.kr. (eiginfjárlutfall 47,2%) og 16.222 m.kr. (45,7%) á sama tíma 2024.

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 frá 1. janúar 2019. IFRS 16 kynnir heildstætt líkan sem felur í sér færslu leigusamninga í efnahagsreikning. Félagið, sem leigutaki, hefur fært til eignar nýtingarrétt sem endurspeglar rétt félagsins til notkunar eigna og á móti skuld vegna framtíðarleigugreiðslna.

Fjárhagsstaða félagsins þann 30.júní 2025 er sterk og horfur um rekstur þess góður. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur til að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	01.01 - 30.06. 2025		01.01 - 30.06. 2024		Breyting milli ára
	%		%		
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	5.553.408	100,0%	5.303.041	100,0%	4,7%
Kostnaðarverð sölu	(3.440.626)	(62,0%)	(3.484.846)	(65,7%)	(1,3%)
Vergur hagnaður	2.112.782	38,0%	1.818.195	34,3%	16,2%
Annar rekstrarkostnaður	(600.809)	(10,8%)	(519.144)	(9,8%)	15,7%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	1.511.973	27,2%	1.299.051	24,5%	16,4%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(536.396)	(9,7%)	(697.924)	(13,2%)	(23,1%)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	975.577	17,6%	601.127	11,3%	62,3%
Tekjuskattur	(139.195)	(2,5%)	(104.465)	(2,0%)	33,2%
Hagnaður tímabilsins	836.382	15,1%	496.662	9,4%	68,4%
	30.6.2025		31.12.2024		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	32.755.504	89,2%	32.469.077	90,0%	0,9%
Veltufjármunir	3.980.951	10,8%	3.597.853	10,0%	10,6%
Eignir samtals	36.736.455	100,0%	36.066.930	100,0%	1,9%
Eigið fé	17.860.250	48,6%	17.023.868	47,2%	4,9%
Langtímaskuldir	16.134.298	43,9%	16.387.600	45,4%	(1,5%)
Skammtímaskuldir	2.741.907	7,5%	2.655.463	7,4%	3,3%
Skuldir og eigið fé samtals	36.736.455	100,0%	36.066.931	100,0%	1,9%
Kennitölur					
EBITDA	2.113.830	38,1%	1.881.317	35,5%	12,4%
Veltufjárhlutfall	1,45		1,35		7,2%
Eiginfjárhlutfall	48,6%		47,2%		3,0%

Nánari upplýsingar veitir Páll Erland, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 779 6200.